| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 09 | | |
| Dags.: 06.06 2015 | | |
| Höfundur: HRS | Áfangaheiti BRA 702<br>Rafmagn í bíliðngreinum bilanleit<br>Námsáætlun haust 2015 | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 1 | | |

| Kennari | Bragi Finnbogason | Sk.st. | BFI |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Farið yfir rafkerfi ökutækja: leiðslukerfi, hlutakerfi, íhluti og varbúnað. Æfingar í meðferð mæli- og prófunartækja og leit að prófunar- og viðgerðaupplýsingum. Verkefni í kerfisbundnum aðferðum við bilanaleit og úrlausnum vegna bilana og í skyndiviðgerð þar sem við á. Farið yfir reglugerðarákvæði um rafbúnað.

**Markmið:**

Nemandi þekki: Til rafkerfa ökutækja, leiðslukerfa, hlutakerfa, helstu íhluta og varbúnaðar.
Nemandi geti: Beitt kerfisbundnum aðferðum við leit að bilunum í rafbúnaði. Lýst rafkerfum ökutækja, virkni einstakra hluta í rafkerfum og fundið þá í ökutækjum. Leitað sér upplýsinga um rafbúnað í viðgerðarbókum og öðrum upplýsingagögnum. Notað fjölsviðsmæla við mat á rafbúnaði. Lesið og túlkað einföld tákn af sveiflusjá m.a. merki frá skynjurum. Notað skanna til að lesa upplýsingar frá stjórntölvu hreyfils.

**Námsgögn:**

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.
Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.
Tækni upplýsingar framleiðenda. Verkefnablöð kennara.

**Áætlun um yfirferð:**

Nemendum kynnt námsefni lotunnar. Farið yfir helstu þætti rafkerfa ökutækja, sérstök áhersla lögð á virkni og samspil hinna ýmsu íhluta. Nemendur vinna nokkur verkefni sem reynir á læsi og skilning rafkerfisteikninga. Næstu tvö verkefni felst í því að nemendur vinna verkefni sem eru verkleg bilana leit þar sem lestur tækniupplýsinga er nauðsinlegur. Prófið er svo athugun á læsi tækniupplýsinga.

**Verkefni:**

Verkleg verkefni, tímaverkefni og lokapróf.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Próf og tímaverkefni 40% Verkleg bilanaleit 40% Ástundun 20%

**Annað:**

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig end að í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

**Dagsetning:** 17.03.2015

Bragi Finnbogason
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils